



## Ágætu foreldrar

Kópavogsskóla var formlega slitið með útskriftarathöfn nemenda 10. bekkjar þriðjudaginn 7. júní sl. Útskriftarnemendur í ár voru aðeins 23 sem er mun færri en undanangin ár. Árgangurinn var frá upphafi óvenju fámennur og því öll í einni deild undanfarin þrjú ár. Það sama á einnig við um væntanlegan 10. bekk á næsta ári sem eru í einni deild en aðrir árgangar eru tvískiptir.

Það er hefð fyrir því í Kópavogsskóla að foreldrar barna í 9. bekk sjái um veitingar í útskriftarveislunni og það gerðu þeir með glæsibrag. Fyrir það vil ég þakka þeim og sérstakar þakkir fá foreldrarnir sem sáu um allt skipulag og veisluborðið sjálft.

Námsárangur nemenda var í heildina góður og í mörgum tilvikum frábær. Í Kópavogsskóla eru mjög margir úrvals nemendur í öllum árgöngum og ánægjulegt að sjá hve einbeittir þeir eru í sinni vinnu. Haustið 2009 byrjuðum við að vinna samkvæmt lotukerfi í íslensku á unglingastigi en með því kerfi gefst nemendum kostur á að ákvarða sjálf vinnuhraða sinn og markmið í samráði við kennarann. Það hefur gefist vel og því var í vetur farin svipuð leið í stærðfræðikennslu í 7. bekk. Markmiðið með þessu er að auka sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námi enda byggir allt framhaldsnám á skipulagi og vilja hvers nemanda. Það hefur verið ánægjulegt að skoða niðurstöður samræmdra prófa fyrir nemendur skólans undanfarin ár. Þar komum við í heildina vel út í samanburði við aðra skóla. Sérstaklega hefur stærðfræði í 7. bekk komið vel út og haustið 2010 voru nemendur 7. bekkjar efstir yfir landið og árinu áður voru þáverandi nemendur 7. bekkjar í öðru sæti yfir landið. Nú er svo komið að nemendur núverandi sjöundu og áttundu bekkja eru flestir að ljúka við námsefni næsta árgangs fyrir ofan og því líklegt að þeir verði búnir með allt námsefni grunnskólans í stærðfræði í lok níunda bekkjar sem verður að teljast frábær árangur.



Aðkoma foreldra að skólastarfinu hefur lengi verið töluverð og hefur frekar aukist en hitt. Foreldrar hafa í auknum mæli haft samband við skólastjóra og óskað eftir leyfi til að skipuleggja náms- og skemmtiferðir fyrir börn sín. Nemendur 9. bekkjar fóru t.d. í skólabúðir að Laugum í Sælingsdal í vor og foreldrar núverandi 8. bekkja eru að skipuleggja samskipti og gagnkvæmar heimsóknir við skóla í Danmörku. Foreldrar útskriftarnemenda sáu um útskriftarferðina sem var samkvæmt venju River-rafting í Hvítá og gisting í Bláfjöllum. Ekki hefur þó allt verið eins og við helst vildum og nauðsynlegt að bæta.

10. bekkur JP útskrifaður



Markvisst er reynt að fræða nemendur um óæskileg áhrif vímugjafa en hættur eru í umhverfi þeirra og óprúttir aðilar samviskulausir í tilboðum sínum. Undanfarin ár hefur skólinn boðið foreldrum til fræðslufunda um forvarnir og skaðsemi fíkniefna. Þar er um að ræða svokallaða Marita fræðslu sem ætluð er nemendum unglíngastígs og foreldrum þeirra. Síðastliðið haust var fræðslan færð niður í 7. bekk í tilraunaskyni enda ljóst að betra er að byrja fyrr en seinna með forvarnafræðslu. Það hefur valdið okkur miklum heilabrotum og vonbrigðum hve erfiðlega gengur að fá foreldra til að sækja fræðslufundi. Í byrjun júní mættu 18 foreldrar, af um 300 sem fengu sent fundarboð, á forvarnafund sem ætlaður var foreldrum allra barna í 6.-10. bekk. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi fundarefnisins og þær hættur sem foreldrar þurfa að vera vakandi yfir. Hvað veldur er ekki gott að segja en markmiðið með fundi í lok skólaárs var að vekja athygli foreldra á að sumrin hafa löngum reynst unglíngum hættuleg. Þá hafa þeir oft rýmri fjárráð og því bið ég foreldra að vera vel á varðbergi.

Sjálfsmat skólans var unnið samkvæmt áætlun í vetur og niðurstöður þess munu liggja fyrir í ágúst. Hluti af því var rafræn könnun sem var send foreldrum og því miður var svörun mun minni en vonir stóðu til. Ætlunin er á næsta ári að finna leiðir til að auka þátttöku foreldra og virkni í skólastarfinu.

Ég vil að lokum þakka öllum foreldrum, nemendum, starfsmönnum og öðrum þeim sem hafa komið að skólastarfinu með einhverjum hætti, samstarfið í vetur og vona að þig eigið ánægjulegt sumarleyfi. Kópavogsskóli verður settur mánudaginn 22. ágúst og tímasetningar verða auglýstar á heimasíðu skólans.

Guðmundur Ásmundsson skólastjóri

